

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 90/2008

frá 4. júlí 2008

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2008 frá 6. júní 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 235/2008/EB frá 11. mars 2008 um stofnun evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um verklagsreglur í hagskýrslugerð ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 17b (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 831/2002) í XXI. viðauka við samninginn:

„17ba. **32008 D 0235:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 235/2008/EB frá 11. mars 2008 um stofnun evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um verklagsreglur í hagskýrslugerð (Stjtið. ESB L 73, 15.3.2008, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. 235/2008/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. júlí 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 257, 25.9.2008, bls. 39, og EES-viðbætið við Stjtið. ESB nr. 58, 25.9.2008, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 73, 15.3.2008, bls. 17.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.